

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um dýpkun Landeyjahafnar.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvenær getur dýpkunarskip Íslenska gámafélagsins hafið vinnu við dýpkun Landeyjahafnar?
2. Hvernig hefur verið staðið að undirbúningi að kaupum á plógi í samvinnu við Vestmannaeyjabæ og hvenær má vænta þess að byrjað verði að nota plóginn?
3. Hvernig hefur verið staðið að undirbúningi framkvæmda á varnargarði við ósa Markarfljóts og hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdirnar hefjist?
4. Er undirbúningur að kaupum á sjálfvirkum dælubúnaði fyrir Landeyjahöfn hafinn og hvenær má vænta þess búnaðurinn verði tekinn í notkun?

Skriflegt svar óskast.